

Guðný Sigríður Hjálmarsdóttir

viðtal Ragnheiðar Mósesdóttur fyrir Þjóðhátadeild Þjóðminjasafnsins 1984



Guðný er fædd á Húsavík og bjuggu foreldrar hennar í Hallgrímsbæ, torfbæ sem móðurfaðir hennar hafði reist, þegar hún fæddist. Hallgrímur hafði reist þennan bæ þegar foreldrar hennar giftu sig.

Bærinn var ein baðstofa, lítil, það var trégólf í henni og tré innan. Fyrir framan var bara torf. Önnur bæjarhús, voru skemma, fjárhús, því faðir hennar hafði kindur. Eldhúsið var lítið.

„Það var bara svona eldavél, slegið upp borðum og ég man eftir einum litlum skáp sem bollapörin voru í og svo bara rekk sem kölluð voru, sem diskarnir voru í. Það voru hlóðir í gamla bæ sem kallað var, eða skemmunni þar fyrir framan. Þar var reykt kjöt og þar var soðið slátur. En hitt var lítið svona eldhús og

engin hurð og lítill skjágluggi. Á gangi sem maður kom inn í, þar var á vinstri hönd þetta gamla eldhús, svo gekk maður áfram inn þá var baðstofan beint á móti og eldhúsið til hægri og þar var lítill eldstó bara, ég man eftir henni.“

Heimilisfólk

Móðurforeldrar Guðnýjar bjuggu hjá þeim og svo voru það foreldrar hennar og systkini. Þegar hún fæddist átti hún einn bróður og eignaðist síðan tvö systkini, en eitthvað af börnum, eitt eða tvö, hafði móðir hennar misst fyrir þann tíma. Þau bjuggu í Hallgrímsbæ (en svo var torfbærinn nefndur) þar til hún var 9 eða 10 ára. Þá keyptu faðir hennar og Friðgeir bróðir hans, sem líka var búsettur á Húsavík, stórt timburhús sem var handan við götuna sem bærinn stóð við. Húsið hét Sunnuhvoll.

Þau bjuggu þar í öðrum endanum, en Friðgeir og kona hans, Guðrún Þórðardóttir, bjuggu í hinum endanum. (Guðrún lifir enn þegar þetta er skráð og er á sjúkrahúsinu á Húsavík og er að verða 106 ára). Sunnuhvoll var 3ja hæða hús á kjallara.

Húsið brann 31. janúar 1914. Þá fórst faðir Guðnýjar og bróðir, en

hinn bróðir hennar brenndist illa og hún sjálf hefur haft astma síðan þá. Móðir hennar henti henni og yngri systur hennar út um glugga til að bjarga þeim frá eldinum.

Símfregnir.
Eldsvoði á Húsavík.
Tveir menn brenna inni.

Húsavík í gær.
Klukkan eitt í nótt kom upp eldur í húsi hér á Stangárbakkanom, er Sunnuhvoll hét. Attu það hús bræður tveir, Hjálmar og Friðgeir, Magnússynir, og þjuggu þeir þar báðir. Auk þess bjó þar einnig Óli Kristjánsson smiður og var hann ekki heima er slýsið bar að höndum. Kona hans, Hólmafríður Þórarinsdóttir, varð fyrst eldsins vör, en þá mátti kalla að húsið staði í björtu háli og léku logarnir um svefnherbergi þeirra hjóna. Hún brá þegar við og hljóp á nærkleðunum upp á loft til þess að vekja fólk, sem þar svaf. Brenndist hún þá nokkuð. Má svo að orði kveða, að hefði hún vakað fáum mínútum síðar, þá mundi allir hafa brunnið inni, þeir er í loftinu sváfu.

Hjálmar Magnússon greip barn, sem hann átti og hljóp út með og fylgdu þeir á eftir er það gátu. En sonur hans þriggja ára gamall varð eftir í eldinum. Réðst þá Hjálmar til inngöngu aftur og ætlaði að freista þess að fá bjargað barninu. En hann kom aldrei aftur út þeirri för og biðu þeir báðir bana þar í eldinum, feðgarnir.

Flestir þeir er í húsinu voru brunnu meira eða minna á andliti og höndum.

Engu varð bjargað út húsinu og voru allir munir óváttrygdir.

Húsið brann til kaldra kola á einni stundu. Síðar í dag hefir verið grafið í rústunum og leitað að líkum þeirra feðga, en ekki fannst annað en nokkrir partar af heim. Var

eldhafið svo mikið, að þeir hafa nær brunnið upp til ösku.

Um upptök brunans er mönnum ókunnugt. Er helzt getum að því leitt, að kviknað hafi út frá röri í efri hluta hússins.

Abureyri í gær.
Snjóflóð mikið varð í Hedinsfirði í gær og urðu í því 20 kindur og drápast þær allar.

Ingólt kom hingað í dag frá út-löndum. *Rún.*

Bifreiðarnar og börnin.

Í Lögbergi 27. nóv. 1913 stendur eftirfarandi klausa:

„Þrjú og sex börn urðu fyrir bifreiðum í New-York-borg í októbermánuði, og biðu bana af. Árið sem leið fórust 102 börn fyrir bifreiðum í áðurnefndri borg, en alla biðu 227 börn bana af slýstum í borginni á sama tímabili.“

Þessi skýrsla ætti að vera bending til Reykvíkinga að láta eigi lengur dragast að semja reglur um bifreiðakstur hér í bænum.

Eins og öllum er ljóst, er engu minni hættu hér þegar bifreiðum fjólgar, þótt fólkstala sé minni en í stórborgunum. Í því efni nægir að benda á götur bæjarins, sem víða eru gangstéttarlaugar og húsnáskipun svo óregluleg, að þón samstaðar næstum standa þversum fyrir götunni. Menn vita því eigi hvort vika skal, þegar bifreiðin kemur þjótandi með miklum hraða og háka er á götunni getur mönnum þá auðveldlega skrúkað fótur, og orðið of seinir að vika, og því orðið fyrir vögnunum.

Ekki er hættan minni fyrir börnin. Aðal-leikvöllur þeirra hér í bænum er gatan, og þætti mér því eigi

Sunnuhvoll

Það var eldhús niðri, þar var stór eldavél. Svo var stigi upp á pall og þar var stór gluggi með gleri. Síðan var stigi upp á loftið og þar uppi var herbergi sem móðurforeldrar Guðnýjar höfðu, svo var stofa og síðan herbergi sem þeir bræðurnir höfðu báðir, hvor sínum megin í húsinu, annar að austan og hinn að vestan. Svo var stór gangur. Það var

háaloft. Húsið stóð á stórum kjallara sem var manngengur.

Á fyrstu hæðinni var íbúð og þar bjuggu lengi foreldrar Árna Óla, blaðamanns. Fjölskylda Guðnýjar og fjölskylda föðurbróður hennar höfðu sameiginlegt eldhús, en að öðru leyti var húsinu skipt milli þeirra.

„Í herberginu þar voru 2 rúm og Jóel bróðir minn svaf hjá pabba, við tvær hjá mömmu og svo var borð og stór gluggi. Þetta var ljómandi björt og skemmtileg íbúð. En í stofunni var kommóða, ég man þetta alveg í röð, svo var borð undir glugga og svo var dívan, svo var stór ofn. Þetta var nú bara trégólf og það var eins tilhagað hinum megin. Það var kynt með svörð, sem við kölluðum, en þið mó, mest svoleiðis. Svo með taði, en það var aðallega notað í vélina - eldavélina.“

Það fór vel um þau. Foreldrar hennar tóku kennara, Ara Jochumsson, og frændfólk hennar fékk að njóta þess líka. Það bjó í Hallgrímsbæ.

„... hún átti 13 börn og mömmu sína í kör, en hún var ekki orðin sjötug, en hún var orðin blind.“

Þær voru systkinadætur, móðir Guðnýjar og þessi kona. Faðir Guðnýjar kom með fyrsta mótorbátinn til Húsavíkur, hann hét Hagbarður.

„Þeir (Hjálmar og bróðir hans) komu úr Fjörðum, svo hvort hann hefur verið smíðaður þar, því það voru hagleiksmenn þar þá þótt þeir væru ekki lærðir og þeir fengu sér strax kú og tún. Þeir hafa verið vel stæðir á þeirra tíma mælikvarða.“

Guðný fór aldrei á sjó með föður sínum því hún segist hafa alltaf verið sjóveik og sjóhrædd. Faðir hennar og frændi réru dagróðra frá Húsavík. Þegar mótorbátum tók að fjölga á Húsavík var ort eftirfarandi vísa:

*Hagbarður úr höfn þá leysir,
Hafþór skilur Barða smá,
vekja þeir Ylfing, Goða, Geysir,
Gunnar, Kára, Storm og Njál.*

Það var róið allt árið en veiddur ýmiss fiskur eftir árstíma. „Þeir réru á mótorbátunum náttúrulega lengra til fiskjar. Svo var handfæraveiði, svo náttúrulega grásleppa og svona. Ég man aldrei eftir að væri matarskortur, þar var allt borðað. Það villtust stundum æðarkollur í netin hjá þeim og þar var allt borðað.“

Faðir hennar sá um allan rekstur heimilisins. „Það var nú ekki mikið að gera, þá var ekkert borgað í peningum, það var bara skrifað úttekt og svo skrúfað fyrir ef það var of mikið. En það var aldrei hjá okkur, en það var hjá mörgum. Það var voða mikið um það og það var verst að þeir sem þurftu að þiggja af

bæ - þá fékk fólk ekki að kjósa. Þetta var svo átakanlegt. Og þar var voða mikið um stéttaskiptingu, ég hef aldrei vitað annað eins. Ég held að þess vegna hafi ég...



...ég vildi aldrei vinna nema hjá henni Þórdísi, konunni hans Bjarna Benediktssonar, af því ég vann fyrir mjólk og gerði hreint og svona fyrir hana og var í fiskþökkunarvinnu hjá þeim. Það var litið niður á þá sem unnu fyrir sér og ég gat aldrei þolað það. Það var þessi aðall sem kallaður var, það voru kaupmennirnir sem litu niður á fólk.

Sá yngsti hét Páll og svo Aðalsteinn, þeir voru ættaðir úr Mývatnssveit, svo kom Kaupfélagið, svo var Bjarni Benediktsson og svo voru einir tveir smákaupmenn, sem versluðu heima hjá sér.“

Faðir Guðnýjar verkaði sjálfur sinn fisk. „Ég man svo vel eftir því, því það var svo mikið samband milli þessara systkina og ég held að það hafi bara verið að þetta hafi gengið svona vel og þroskast af samvinnunni, að það var ekki hver í

sínu horni að hafa skóinn hver af öðrum heldur vann það allt saman.“

Bjarni Benediktsson keypti sér bát stuttu síðar en faðir hennar og hún man þegar krakkar fóru að fara í að breiða fisk og taka saman af stakksteinum, „sem voru bara svona grjót, það var ekki á grindum sem kom seinna. Maður bar þetta á handbörum.“

Guðný vann þessa vinnu fyrir föður sinn. „Svo var þetta þurrkað úti og svo stakkað inn í hús og pakkað. Ég held það hafi verið 50 kg í pakkanum og saumað utan um þetta strigi.“

Krakkarnir höfðu 2 aura á tímann, en hún fékk ekki beint laun fyrir að vinna fyrir föður sinn.

Stéttaskipting

„Það var svo að það mátti ekki dansa saman. Það var sér og mér er minnisstætt einu sinni, það var á annan í páskum, þá var nú dansað í kjallaranum á skólanum, og þá sat það fyrir, ætlaði að hafa ball á annan í páskum og átti að kaupa kaffi á hótelinu, hjá Sigurjónu og Júlíönu, það voru fósturforeldrar hennar Júlíönu Friðriksdóttur leikkonu. Og þar gerði svo mikla stórhrið að þar komst ekki í kaffið svo ætluðu þeir aftur hinir að hafa ball og hún Júlíana kom til mömmu - því mæður okkar ætluðu að sjá um kaffi fyrir okkur - og spyr hana hvort hún vilji ekki kaupa af sér terturnar fyrir tvær krónur. Mér er þetta svo

minnisstætt. Við drukkum svo þar, fórum bara þangað og fengum það sem hitt átti að fá.

En svo fluttist til Húsavíkur Páll Einarsson, bróðir Matthíasar heitins Einarssonar læknis, og hann fer að skemmta sér með okkur og hann var svo mikill indælismaður, var búðarmaður hjá Bjarna Benediktssyni og svo náttúrulega átti hann sína kunningja, unglingspilta, svo fóru þeir að skemmta sér með okkur og þeim fannst alveg eins fjörugt og ekkert síður og þá fór þetta að lagast svo mikið... en þetta ríkti alltaf þar.“

Það voru engin stéttarfélög á Húsavík á hennar tíma þar, hver maður samdi við sinn vinnuveitanda. Móðir hennar vann lítið utan heimilisins fyrr en eftir að faðir hennar dó. Hún starfaði mikið með kvenfélaginu.

„Það var nú mikið að gera út af þessari örbirgð hjá fólkinu, það var til dæmis að það var jafnað niður fátækum börnum þegar þau voru í skóla, að þau fengju máltíð einu sinni á dag og þá skiptu þær (kvenfélagskonurnar) því á milli sín. Ég man eftir því að það var hjá okkur piltur, það var einn af þessum 13, hann var þarna hjá honum Ara.“

Móðir Guðnýjar fór eitthvað í fiskvinnu, en það var ekkert

vinnufólk á heimilinu svo hún vann að mestu heimilisstörfun.

„Amma vann mikið og mér finnst þegar ég hugsa út í það að börn hafi misst alveg voðalega mikið af að missa ömmuna. Ég man eiginlega, ekki það sé hnjóð, að ég man meira eftir ömmu sem leiðbeinanda okkar og svona heldur en mömmu, en það getur verið að amma hafi haft betri tíma og ég var voða hænd að henni og hún kenndi mér voða mikið, svona sem ég man enn og mér þótti ósköp vænt um hana og bar virðingu fyrir henni og ég gerði það auðvitað við mömmu líka. En mér finnst þegar ég verð fullorðin og fer að hugsa þetta að þá hafi þetta verið svona, a.m.k. frá mínu sjónarmiði... (ömmurnar) fóru ekki neitt, þær voru alltaf að gera við, það var allt bætt og þrjónað og þá sat maður hjá henni.

Ég man svo vel eftir því þegar hún sat á rúminu og var að þrjóna. Afi var blindur. Svo fluttu þau suður til Reykjavíkur einmitt haustið áður en brann, til dóttur sinnar.“

Ef faðir hennar var ekki við sjó þá var hann í heyskap og jarðarbætur, að slétta túnin og þess háttar. Guðný minnst þess ekki að hann ætti sér nokkurn tíma frístundir frá vinnu. Hann átti þó hest, en fór ekki í útreiðartúra sem hún minnst, þó að aðrir á Húsavík hafi gert ef þeir áttu hesta. Faðir hennar fór aldrei

neitt, ef hann átti frístund þá lagði hann sig og hvíldi sig. Hann las eitthvað og það voru til bækur á heimilinu. Guðný minnst einkum einnar bókar sem lenti hjá henni eftir brunann, Haukur hét sú.

„...það voru svona neðanmálssögur.“

„Svo kom snemma bókasafn á Húsavík sem Benedikt heitinn á Auðnum hafði og þar var hægt að fá nógar bækur, ...ég las allt sem ég náði í og hann sagði, hann Benedikt: „Hefurðu lesið markaskrána?“ þegar allt annað þraut.“

Móðir Guðnýjar söng vel og lék í leikritum á vegum kvenfélagsins, t.d. Ástu í Dal og í leikritinu Strikið eftir Pál Árdal. „Mér finnst það hafi verið menningarstaður Húsavík. Maður heyrði aldrei talað eiginlega - þá var ekki komið svona mikið stjórnmalavesen eins og nú - að mér fannst það vera svo mikið fræðandi að fólk hittist og kannski að tala um sögur sem það las og svona.“

Stjórnmaladeilur voru þá ekki eins hatrammar og nú, segir Guðný, en hún minnst deilna vegna prestkosninga eitt sinn, en þá skiptust fjölskyldur innbyrðis um frambjóðendurna. [Eftir því sem ég kemst næst átti þetta sér stað eftir 1928, en þá er Guðný flutt frá Húsavík. R.M.]

Knútur Arngrímsson, sem kosinn var prestur lenti síðan í deilum við mann konunnar sem átti 13 börnin, en sá var hagnæmtur og deildi eitthvað á prestinn, sem þá svaraði fyrir sig með þessari vísu:

*Heldurðu ekki, Helgi minn,
að Húsavíkuroddvitinn,
muni þurfa leirburð þinn
að leggja á sveitarreikninginn.*

„En þetta kostaði hann hempuna, þetta var kallað níð... og hann sagði af sér.“

Innanstokks

„Það voru myndir og blóm, mikið af blómum, ég veit að mamma átti mikið af blómum og ég hef sennilega sóst þetta, í hana, að vera svona mikið fyrir blóm. Ég man eftir Hullutré, sem kölluð voru, nú heyrir maður það aldrei nefnt og þau urðu stór og græn og blómstruðu ekki og liljur... það var eitthvað fleira, en ég man eftir þessu. Og mamma vildi hafa svona snoturt hjá sér.“

Salerni

„Það var útikamar í Sunnuhlíð og þeir losuðu þetta bræðurnir alltaf til skiptis og það var alveg voðalegt og það var alltaf sem mér hryllti við að úr kömrunum það var borið á túnin og túnin hölluðust kannski niður að vatnsbólínu.“

Taugaveiki sem kom upp á Húsavík, er talin, skv. Guðnýju, hafa stafað af

þessum sið og bæði systkini hennar veiktust þá.

Fyrsta minning

„Ég veit þú trúir því ekki og ég ætla ekki að segja þér það... ég man bara eftir mér að ég var að leika mér á gólfinu í baðstofunni og hafði fengið nýja skó og ég gat ómögulega troðið mér í þetta. Og ég man eftir að amma segir við mig: „Kemstu ekki í skóna?“ Og svo segir hún: „Ef þú gætir kveðið eins og Hallgrímur heitinn Pétursson:

*Á mér skór aldrei tollað getur,
hann er of stór, hann er of stór,
ég skal binda hann betur.“*

Og þetta man ég og annað: ég sé mig í fötunum sem ég var í. Ég hef verið tveggja ára og þá er ég að skoða kort og jólakerti, snúið, rautt. Þetta hefur verið um jól og þá hef ég fengið líklega skóna fyrir jólin og ég hugsa svo oft um þetta, hvernig þetta geti skeð, ég man hvernig kortið var og allt, það var Jesúbarnið í jötunni. En þetta er alveg sérstakt í huga mínum. En mamma sagði nú: „Ég er hrædd um að þú hafir „séð“ þetta, þú gætir varla munað þetta“.

Þetta passaði allt, þetta passaði með þessa skó og eins með kortið, því hún (mamma) hafði vakað hjá einhverri konu. Þá hef ég verið tveggja ára. Ég var jafngömul dóttur Steingríms, sem var bæjarfógeti á Akureyri og ég skal segja þér þá varð hún aumingi. Þetta voru svo


voðaleg veikindi. Hann lifði þetta af og hann bað mömmu sína að senda mér þetta jólakerti. Mamma sagði mér það að þetta gæti staðist að hún myndi eftir þessu. En svo getur verið að ég hafi „séð“ þetta, ég á það til að sjá það sem hefur gerst og það sem er að ske. Það hefur minnkað, en það var á tímabili, það kom eitthvað yfir mig og dóttir mín önnur var svona, en svo varð hún hrædd einu sinni og þetta hefur aldrei komið fyrir aftur. En ég var orðin fullorðin...”

Þú hefur ekkert fundið fyrir þessu sem barn?

„Ég sá bara eitthvað sem ég felldi mig við og gleymdi því, ýmislegt svo sem leiki og eins fólk og ég vissi, fann, hverjir voru að koma og svona. Mér fannst ekkert um þetta. Og ég er voða viðkvæm fyrir hugboðum - en mér finnst ég alveg hreint vita hverja ég eigi að umgangast og ég þyki einræn en þó er ég glaðlynd, en það er eitthvað, ég veit ekki hvað.“

Guðnýju finnst þetta ekki hafa háð sér og sagði mér síðan tvær sögur af svona hugboðum frá því hún var orðin fullorðin og búsett á Akureyri. Hún fékk svona hugboð yfirleitt á sama stað í húsinu, við vaskinn í eldhúsinu. Í annað sinnið fann hún að eitthvað hafði komið fyrir son hennar, Hinrik, sem þá var í ferð með Knattspyrnufélaginu Þór á

Akureyri til Ísafjarðar og bílinn sem liðið var í varð fyrir skriðu á veginum í Óshlíð.



Þau höfðu ekki heyrt neitt um þetta þegar hún fékk hugboðið en svo kom staðfestingin stuttu seinna. Í annað skipti fann hún á sér að eitthvað var að og þá hafði farist bátur sem frændi hennar var á. Hann fórst við Vestmannaeyjar og segir Guðný að bræðurnir, Arnþór og Gísli Helgasynir úr Vestmannaeyjum, séu skírðir eftir þessum tveim mönnum, sem fórust með þessum bát. Guðný segist ekki alltaf hafa getað gert sér grein fyrir hvers konar atburður hafði átt sér stað, en fann yfirleitt hvort það var gott eða vont.

Guðný hafði lítið af foreldrum sínum að segja því faðir hennar dó þegar hún var 12 ára og þá fór hún í vist að Héðinshöfða, en móðir hennar bjó áfram á Húsavík. Hún hafði mest af ömmu sinni að segja sem barn og hún kenndi henni bænir, sögur og ljóð og þulur. Það var aldrei

spilað á jólanóttina, „en úr því mátti spila og mamma bakaði kúlur undan fingurbjörg og við spiluðum púkk upp á þetta.“ Það var heldur ekki spilað á föstudaginn langa.“

Refsingar

„Það var vöndurinn, hrís. Það voru sperrur í baðstofunni og þar var stungið þessum vendi og hann var kallaður séra Eiríkur.“ (Guðný veit ekki hvers vegna). „Hann var þarna og ég man aldrei að við höfðum verið hýdd en okkur var bent á hann... og ég man aldrei eftir að hafa slegið til krakkanna minna, ég sagði bara: „Á ég að þurfa að standa upp?“ og þá varð hljótt.“

Þegar Guðný var að alast upp var talað um fyrir þeim systkinum ef eitthvað þótti athugasvert við framkomu þeirra. „Amma sagði alltaf við mig: „Guð sér af himninum háum, hvað hér gerist niðri á jörð“ og ég vildi ekki styggja hana.“

Þéringar

Guðný man ekki eftir að börn þéruðu foreldra sína, „... en það var þérað, en ég þéraði aldrei. Mér var sagt að gera það en ég hafði þetta í mér, ég gat það bara ekki og þá var ég ekkert að leggja það á mig.“

Leikir

„Það var „eitt þar fram fyrir ekkjumann“ og svo var það að við sátum í hring á túninu á haustin þegar var búið að hirða, stórum hring, og svo var bundið fyrir augun

á einum og hann átti að þekkja mann og þetta sátum við við og þetta var verulega gaman. Svo var „fram, fram fylking“ og bolti, slagbolti, menn léku sér á túninu og svo voru skautar. Það var þarna fyrir ofan bæinn sem ég átti heima í, þar var laut, það settist í hana vatn yfir sumarið, svo fraus þetta á veturna og þarna var ágætis skautasvell. Það voru nú leggir fyrst, svo sendi mér systursonur mömmu, stálskauta frá Reykjavík. Það þótti mér nú alveg hreint, en ég var nú ekkert hrifnari af þeim en leggjum. Ég lánaði þá miklu frekar. Ég vildi ekki meiða mig... Svo var farið á skíði, þá var það tunnustafir mest. Það var t.d. rétt fyrir sunnan bæinn, þar var hóll, sem var kallaður Stórhóll, sem nú er búið að jafna í ofaníburð... Þangað fórum við í berjamó, rétt suður fyrir bæinn. Það voru ákaflega mikil ber þar alltaf. Það heitir Botnsvatn fyrir ofan og þar er gróður... og þar var, það man ég, að við fórum frá einum, tveimur eða þremur húsum saman og labbaði þarna uppeftir og var drukkið kaffi.

Ég man eftir því einu sinni að þá heyri ég að það er verið að syngja. Ég vissi ekkert hver þetta var, þá var þetta mamma og hún söng „Sú rödd var svo fögur“. Ég gleymi því aldrei hvað mér fannst hún syngja vel.

Leikföng

„...við áttum kjálka og svo áttum við leggi og svona. Afi var duglegur að smíða handa okkur úr tré ýmsa hluti,

við áttum hesta og svoleiðis...
Leikföng úr búð, það var nú ekkert komið, jú, ég man eftir því að ég fékk fyrstu dúkkuna og það var held ég síðasta árið sem ég var í Sunnuhvoli, að þá sat ég úti á tröppum, það var bakdyramegin, vestanverðu, það var glaðasólskin og svo óskaplega gott veður og ég sat þar bara. En það var lítill strákur, sonur hennar sem er 105 ára, hann kemur og lemur mig með hamri í hausinn á mér, hann hefur ekki verið nema svona tveggja ára. Ég náttúrulega hef farið að grenja, fór upp og sofnaði. Þegar ég vaknaði liggur dúkka fyrir ofan mig, þá hafði hún farið út í búð og keypt dúkku handa mér og þetta er það eina sem ég man eftir af leikföngum.

Næst man ég eftir á sumardaginn fyrsta, það var eftir að brann, þá hef ég líklega gist hjá mömmu, þá gaf hún mér krosssaumsbók.“

Eftir brunann bjó móðir Guðnýjar í húsi sem heitir Vetrarbraut og stendur enn, að sögn Guðnýjar. „Þetta voru margar íbúðir þarna. Mamma hafði tvö smáherbergi, þau hafa bæði ekki verið stærri en stofan hérna (ca. 4x4). Þá vann hún alveg eins og þræll, hún fór út á land og hún var að beita og hún vann voðalega mikið.“

Héðinshöfði.

„Annað árið sem ég var á Héðinshöfða, þá var hún Nína (systir Guðnýjar) orðin tveggja ára, þá var

hún hjá mér um sumarið. Ég hafði 75 krónur yfir árið, en ég man ekki hvað ég borðaði með henni yfir sumarið. Það fór vel um hana og vel um mig og ég sé ekki eftir því. Það var dásamlegt að vera á Héðinshöfða. Það var voða mikið að gera, mikil vinna, það var 1918. Það var voðalegt, ég var svo hrædd við mýs, það voru þrjár vinnukonur þar, hver sína vikuna í eldhúsinu og þurfa að fara á fætur.

Það var falinn eldur á kvöldin undir þvottapottinum, eða sem soðinn var þvottur og slátur í, svo þurfti maður að krafla þetta upp, blása á þetta og láta ofan á þetta bréf eða eitthvað, blása og blása og blása. Svo þurfti að fara að þíða vatnið því það var leitt vatn inn í bæinn því bæjarlækurinn var rétt við, og það var mikill munur að þíða það, og svo var að fara í fjósið og það logblæddi úr höndunum á mér.

Það var gengið út á Tjörnnes í kolanámurnar (Tungunámur) og svo heim um morguninn og undir kýrnar.“

Námurnar voru þá aflagðar, en það var dansað í gamla matsalnum. „Það hefur verið betra en nokkur skóli að vera á Héðinshöfða, maður lærði svo að fara vel með og nýta og mér fannst svo gott að hafa lært þetta. Þetta var gríðarstórt heimili, yfir sumarið milli 20 og 30 manns. Þar var heimavistaraskóli á veturna,

Karl Kristjánsson, síðar þingmaður, var þá kennari þar.“

Guðný naut góðs af þessari kennslu og lærði þar m.a. dönsku. „Það var langt að ganga á engjar og maður þurfti að mjólka bæði í kvíum og kýrnar áður en maður fór með mat á engjar og svo kom maður ekki heim fyrr en á kvöldin og þá þjónaði ég tvíbúrum og svo hafði ég systur mína þarna eitt sumarið. Maður hafði nóg að gera. Á kvöldin gerðu menn ekkert nema hvíla sig. Ef maður hafði bækur var hægt að lesa og það voru til bækur þarna.“

Guðný fór aldrei í bíó þegar hún var ung, „ég hef aldrei haft bíósýki.“ Hún heldur að Hadda Padda hafi verið fyrsta bíómynd sem hún sá, og það var á Akureyri. Hún fór aldrei í bíó á Húsavík, enda minnir hana að ekkert bíó hafi verið á Húsavík þá.



„Ég man eftir því að mamma hitaði kakó og bakaði pönnukökur eða lummur. Maður var látinn ráða því sjálfur hverjum var boðið. Ég man að það var oft margt hjá Jól bróður. Ég var aldrei fyrir svona, en ég gerði það fyrir krakkana mína samt, það

var svo mikið í tísku þá á Akureyri. Það var farið í leiki, ég man sérstaklega eftir pantleik: „Hvað á sá að gera sem á þennan hlut?“ Annars man ég voða lítið eftir leikjum.“

Skemmtanir

Kvenfélagið hafði ævinlega jólatré og veitingar alls lags. Ég man eftir því að ég geymdi tertusneiðina ævinlega þangað til seinast, og Elísabet Guðjohnsen sat einu sinni við hliðina á mér og þá segir hún: „Þú geymir það besta þangað til síðast.“ „Já,“ segi ég, „þá man maður betur eftir því hvað maður hefur fengið.“

„Það var sleginn kötturinn úr tunnunni á Öskudaginn og álfadans, alltaf álfadans á þrettándanum. Það var kóngur og drottning og svona allt í kringum það og svo voru pör og svo voru höfð blys, búin til barasta heima og dýft í olíu. Svo var hásæti fyrir kóng og drottningu, menn voru í svona einhverju afbrigðilegu. Ég man meira að segja að ég kom utan af Héðinshöfða til þess að vera með.“

Guðný þekkti ekki til að leynifélög hefðu starfað á Húsavík og hún starfaði ekki með neinum félögum þar. Hún gekk í stúku á Akureyri og var í verkalýðsfélagi þar, „maður fékk ekki að vinna öðruvísi.“

Klæðnaður

„Það voru hversdagsföt, sunnudagaföt og spariföt. Ég held það hafi bara verið kjólar og svuntur, það voru ekki margir skróðar, en það var eitthvað skárra, annars kannski kjóll sem maður tók svo í hversdagskjól og svo voru alltaf jólaföt, einhver tilbreyting. Ég man bara eftir þessum skóm (sbr. bls. 6), svo man ég eftir bryddum, það var alltaf verið að gera skó og bæta skó. Það voru kápur, heimasaumaðar.



Það var ekkert keypt af fötum, það var ekki komið þá. Ég man samt að fermingarkjóllinn minn, hann var saumaður á Akureyri. Það var kona þar sem mamma þekkti og ég man að hún hét Guðfinna Guðjónsdóttir. Hún saumaði á mig svartan kjól. Annars fór ég á peysuföt 13 ára, mamma fékk keypt peysuföt á 10 krónur og þau átti ég þangað til að ég var 17 ára, þá veiktist ég og fór til Reykjavíkur, og þá gaf móðursystir mín mér upphlut. Ég átti náttúrulega pils frá peysunni, en þá gaf hún mér upphlut."

Þegar Guðný var 17 ára veiktist hún og lækna á Húsavík og Akureyri héldu að þetta væru berklar í fótum. En í Reykjavík varð það niðurstaðan að þegar hún lenti í brunanum hefði hún marist svona, en marið ekki komið út fyrr en þetta seint.

„Og hann sagði þessi sem ég fór til, að það hefðu aldrei verið berklar og það hefði verið óþarfi að skera þetta svona.“ Það var skorið í bein á báðum fótum á Húsavík.

Guðný var 3 ár á Héðinshöfða, fór síðan eitt ár að Höfða. Þar bjuggu bræður, Þórður og Baldvin, sem var giftur frænku hennar. Síðan fór hún að Kljáströnd, en þar bjó þriðji bróðirinn, Björn. Þeir voru Gunnarssynir. Guðný var þrjú sumur á Kljáströnd við að beita línu og var móðir hennar þar líka.

„Þetta var það besta borgað sem var þá, því þetta var nótt og dag, ég hafði... 400 krónur fyrir sumarið.“

Á veturna var hún í vist, t.d. einn vetur hjá Pétri Péturssyni, kaupmanni og Þórönnu Pálsdóttur, systur Jóns á Akri. Á heimilinu voru tvö börn og Jóhann, bróðir frúarinnar.

„En hún gerði aldrei neitt. En það var gaman að vera hjá henni. Ég hafði gaman af henni, hún var svo mikil týpa. Svo þegar það var að halda drykkjuveislur og leika herinn

og syngja, þá gerði ég bara eins daginn eftir. Hún (Þórunna) var góð við mig og það þótti vont að vera hjá henni, en mér þótti það gott. Hún hafði belju og ég mjólkaði hana og bakaði rúgbrauð í ofni, bakarofni, og bjó til franskbrauð og henni þótti þetta svo voðalega gott.“

Guðný hafði lært þessar matargerðarlistir á Héðinshöfða. Á Akureyri kynntist Guðný tilvonandi eiginmanni sínum, Lárusi Hinrikssyni. Þau bjuggu fyrstu búskaparárin hjá tengdaforeldrum hennar. Svo keypti hún skúr af vinnuveitanda sínum og tók hann niður og flutti. „Járnið af skúrnum nægði á húsið og burðarviðurinn dugði í húsið.“

Þéttbýli

Árin sem Guðný var á Akureyri vann hún í fiski mest allan tímann. Hún ver bæði í síld og svo í frystihúsi. Það var hreinsuð síld og roðflett og þetta var akkorð. Það var vigtað frá manni. Það var visst á kílóíð. „En svo vorum við á veturna í síldinni að roðfletta hana, hreinsa og flaka og svo var þetta sett í tunnur. Það var gert á veturna.“

Hún þurfti að standa í þæklinum og það var aldrei verið að hreinsa síldina nema á veturna. Á sumrin var hún söltuð og þækluð og þurfti að bíða þetta. Það var akkorð bí í þessu og í fiskþvotti. „Ég lét nú ekkert fara upp fyrir mig í afköstum. Ég fór upp í 23 vigtar, það voru 100 pund sem

vigtað var í einu. Það var nú voðalega misjafnt hver afköstin voru. Það var eftir því hvað fólk var úthaldsgott og hvað það þoldi kuldann og hvernig maður hélt sig að því.

Launin voru nú voðalega lítil, það var alveg dæmalaust, en svo var það komið í 1 kr. eða rúmlega krónu. Fyrst var ekkert verkalýðsfélag, en svo var nú stofnuð Eining. Svo kom Alþýðuflokkurinn og var stofnað annað félag. Þetta er það sem ég sagði þeim. „Hvað vinnið þið með þessu.“ Svo segir konan sem stofnaði það „Við þekkjum nú Einingu svo vel að við verðum að vera fyrir neðan hana 5 aurum a.m.k.“

Erlingur heitinn Friðjónson var þarna eins og hani í hænuhóp og ég spurði: „Hvað eruð þið að verðleggja, er það vinnan eða Eining?“ Ég var alltaf í Einingu, þótt ég fylgdi ekki kommúnistum, en þá bara datt mér aldrei í hug að vinna móti þeim. Það hefði ég aldrei gert og mér líkaði verulega vel við formanninn. Okkur samdi vel og við gátum talað saman rólega alveg hreint og það líkaði mér vel. Hún hét Elísabet Eiríksdóttir. Hún var framarlega í kommúnistaflokknun. Mér fannst þetta svo asnalegt að láta þetta út úr sér að þau þekktu Einingu, formanninn, svo vel að við yrðum að vera 5 aurum fyrir neðan þar. Það er sama sem að undirbjóða.

Það varð ekkert úr því,
Einingartextinn var látinn gilda. Ég
var í kaupstjórnefnd og það gekk vel
og svo smáhækkaði þetta. Það bara
var kosin nefnd og svo bara fórum
við á fund þeirra. Ég man alltaf
þegar ég kom í fyrsta skipti og
Sverrir, sonur Ragnars heitins
Ólafssonar sem var á Akureyri
konsúll. Þeir voru svo miklir vinir
Lárus og hann, hann segir: „Ert þú
hér?, hvað ert þú að gera hér?“
„Þú ert að reyna að vinna á móti
okkur og ég er að vinna á móti þér.“
Segi ég. Það voru engin illindi, ekkert
svoleiðis, en það var bara svo gott
að geta svarað þeim svona, því það
var satt, það var hver að vinna fyrir
sig. Þeir hækkuðu við okkur svolítið.

Aldrei verkföll á minni tíð

„Þetta voru ágætismenn, þegar
maður þekkir svona getur líkt svona
aðstæðum t.d. ég segi við Sverri:
„Vilt þú senda hana Sólveigu og láta
hana fara í fisk og berja ofan af
fiskikarinu, fara ofan í ískalt vatnið,
hvernig heldurðu að henni líði.“
Þeir sáu það mennirnir þetta var
ekki neitt til þess að öfunda neinn
af.

Vinnuaðstaðan var bara kar úti undir
berum himni, svo var komin skúr úr
bárujárninu og það var mikill munur,
og síðustu árin þá var komin
hitaveita, þá vann ég hjá KEA, og þá
var það tekið alveg sárasta kulið, þá
var aldrei frosið ofaná. Það var
óskaplega mikill munur.“

Samvinna á vinnustað

„Það var náttúrulega alltaf horn í
síðu þeirra sem höfðu mest, og
þetta hefur gengið svoleiðis, en ég
gaf mér oft tíma til að klára þegar ég
var búin með mitt, þá kláraði ég oft
með þeim sem voru síðastar.
Sambandið við verkstjóranum var
ágætt, ég get sagt þér alveg eins og
er. Ég passaði mig alltaf að vinna vel
í tímavinnu, svo væri ekki hægt að
segja við mig eins og sagt var við
þær „þú ert fljótari í akkorðinu.“

Stundum var tímavinna. T.d. ufsi,
hann var vaskaður upp á tímavinnu.
Hann var svo þungur í sér og stór.
Hann gat ekki verið undir sama og
fiskurinn, það hefði orðið svo mikið,
en ég þvoði alveg eins og ég gat og
ég fór aldrei frá nema á kaffi- og
matartímum.

Fyrir það að ég vildi hafa hreinan
skjöld, þannig að það væru ekki
neinar slettur frá verkstjóranum og
svo reykti ég aldrei. Hinar fóru og
tóku sá pásu og fóru og fengu sér
aukakafla, máttu það náttúrulega
ekki. Einu sinni kom verkstjórinn og
þá voru við 3 við karið, þá voru allar
frammi að reykja. Hann talaði
eitthvað við þær. Ég skipti mér
ekkert af því. En þær bölvuðu á
bakið á þeim, en þorðu aldrei að
segja meiningu sína, það fannst mér
svo ergilegt.“



Hún fór heim í hádeginu. „Það var farið kl. 7-8 á morgnana og unnið til kl. 5-6 og þá var kannski eftir að taka saman þurrfiskinn. Þá var maður í tímavinnu við það. Það fór eftir því hvernig útlit var með þurrk, og hvað mikið var undir hve lengi var unnið. Það var klukkutími í mat og korter í kaffi.“

Hún hafði með sér kaffi. „Það var kaffistofa, ekki þegar við byrjuðum þarna, þá var ekkert. Maður bara tyllti sér á kassa og gleypti þá í sig eitthvað.“

Guðný fékk að hirða síld sem átti að henda. „Það var hent frá allri skemmdri síld. Henni var fleygt, svo segi ég einu sinni við verkstjóran: „Má ég ekki hirða þetta, og geturðu ekki lánað mér hálfónýtar tunnur?“ Svo safnaði ég síldinni, tók það skásta, lagði hana laglega niður í

tunnu og seldi sveitamönnum þetta fyrir sviðahausa. Það var hlegið svo mikið af þessu, en mér var sama um það. Hvað var betra að moka þessu framaf bryggjunni. Þeim þótti þetta svo mikið að fá þetta og þeir voru svo þakklátir.

Ég lét þá hafa fyrir krónu tunnuna og ég fékk sviðahausa fyrir. Ég tímdi aldrei að fleygja neinu, aldrei. Þetta var gott fyrir báða. Þeir vildu losna við þetta og það var engin ósanngirni og þeir færðu mér svo tunnurnar og ég gat skilað þeim aftur. Hann lánaði mér bara tunnurnar verkstjórin.“

Launagreiðslur

„Það var borgað út í peningum hjá Páli og Sverri og svo eftir að maður kom í kaupfélagið. Ég hafði ekkert af þessum innskriftum eins og var heima þegar ég var krakki, þá sá maður aldrei aur. Það var borgað út vikulega. Ef það var akkorð kom ekki til greina að draga af laununum, ef menn komu of seint í vinnuna, en svo maður fékk alltaf járnplötu eða merki fyrir hverja tunnu. Það voru bara konur í þessari vinnu.

Svo var maður að skoða undir uggana og skoða hvernig þetta var gert. Svo voru konur aftur í tímavinnu við að stakka þessu og að salta og svo var náttúrulega tímavinna þegar við vorum að taka saman þurra fiskinn og stakka honum.

Það var hægt að semja upp á vaskið, en svo var samið upp á tímavinnu. Það hefði verið allt of mikill þrældómur að bera þetta á börum og það voru oft unglingar sem voru hafðir í það fyrir sama og ekki neitt. Það var ekki oft skipt um vinnustað.

Það var nóg að gera og svo vildi fólk þegar það var farið að vinna ekkert vera að flytja sig. Nema í síld. Ég fór í síld út á Hjalteyri og til Húsavíkur og út í Krossanes og Dagverðareyri. Þá þurfti að fá fólk til að salta. Við fórum einu sinni í kerru aftan í bíl 4, velfeitar, það var sæmilega borgað. Það var svo mikið kapítal að koma þessu óskemmdu, en það hefur aldrei verið vönduð vinna bæði á fiski og síld eins og hefði þurft að vera. Mér fannst það alltaf ekki nógu vel gert. Það var bara fyrir hroðvirkni og að flýta sér, en það var bara lagið að læra rétt handtök. Ég bara vann eins og mér var hentast. Ég skildi aldrei eftir blóð hvorki í ugga eða í dálki og fór ævinlega undir alla ugga til að þvo þá. Ég man eftir því einu sinni að við vorum að umpakka fiski úr Grímsey og þá er bara ofan á fiskinum tertusneið og kökur. Þá hafði það bara gert það af prakkaraskap, en mér fannst þetta ekkert fyndið, en ég hef nú hlegið náttúrulega með sjálfri mér.

Eins var þegar við vorum í fiskinum, ég vildi aldrei vera við að beinskera. Það varð ef vel átti að vera, þá var þetta svo agalegt verk og það var

upp á tímavinnu. Ég sagði einu sinni við Sverri, að mér fyndist það ætti að borga alveg eins fyrir hreinsunina á kílóinu, því það var alltaf vigtað í kassa, borga þeim eins vel og í akkorði, ef þið viljið fá þetta vel gert, því það fundust oft bein og svona.

Hreinlætisaðstaða

Það var ekki upp frá hjá Páli. Það var upp undir Gefjun, sem hann hafði upp við Glerá, en aftur eftir að við fórum á frystihúsið og í fiskihúsið úti á Eyrum, þar voru klósett, því þar var svo stutt í sjóinn. Svo var veiddur fiskurinn þarna, ég gat aldrei étið koðuna, smakkaði aldrei koðu, sem veidd var þarna.

Innanhúss vorum við við kör, svo þvoðum við fjalirnar sem við flökuðum á, skrúbbuðum þær með burstum og sprautuðum svo og reistum þær upp, þvoðum körin og sprautuðu þau. Við urðum að ganga frá því. Karlmennirnir sprautuðu gólfið, steingólf.

Það var raflýsing. Það var snemma raflýst á Akureyri.“

Ekki minnst Guðný þess að menn hefðu slasast við vinnu, nema hvað menn skáru sig, en það þótti ekkert tiltökumál.

Veikindi

„Ef ég þurfti þess með þá bara hringdi ég og sagði að ég kæmi ekki í vinnuna, ef ég var lasin. Það var ekkert hægt að segja við því. Maður hafði þá bara ekkert kaup fyrir það.“

Ófrískar konur unnu margar fram á síðustu stundu, en hún gerði það ekki sjálf. „Af því mér þótti svona vænt um sjálfa mig. Ég vann um haustið. Ég var við pökkun fram undir jól, og svo átti ég strákinn í júní.

Það voru engin laun fyrir konur í barneignum, en það var lítið um að fólki væri sagt upp, frekar að það væri fólksekla. Það var þó dálítið um að fólk þægi af bæ, en þá var aflagður sá siður að menn væru sviptir kosningarétti fyrir slíkt. Það var búið að breyta því, en ég heyrði það, það voru mörg börn og þurftu mikið utan um þetta, og svo sagði það oft: „O, helv. bærinn er ekki of góður að borga það.“ Það heyrði maður nú oft.

Verkalýðsfélög

„Það var dálítill meiningarmunur og t.d. að það er ekkert við því að segja, þetta er hvíld fyrir okkur að sitja heima, ef ekki samdist, að vera ekki að láta sjá á sér neina reiði eða neitt svoleiðis, þá var þetta einhvern veginn möndlað.



Ef illa gekk að fá hækkað kaupið, þá sátu konurnar stundum heima til að sýna vinnuveitendum sínum hvers virði þær væru, en vinnudeilur voru engar, nema Nývudeilan [14. mars 1933]. Guðný segist ekki hafa komið neitt nálægt þeirri deilu, m.a. vegna þess að verkstjóri þar sem hún vann lokaði hana inni.

„Hann kallaði á mig hann Ingólfur heitinn. Ég vildi heldur salta, en hann kallaði á mig og bað mig að finna sig. Ég vissi ekkert, þríf mig og fer til hans. Þá sé ég að það er búið að fylla alla kassa og enginn er kominn og ég segi: „Nú það er byrjað.“ Og ég kem fram. „Nei, þér liggur ekkert á“, segir hann við mig og svo segir hann: „Nú loka ég húsinu og þú ferð ekki út, það er að verða verkfall, og ég get sagt þér það dregur til tíðinda þar, blandaðu þér nú ekki í þetta.“

„Mér þótti það nú hart að taka mig svona en segi: „Ég ætla nú að bíða og sjá“, en svo kemur þessi voðalegur fans af fólki, og þær eru byrjaðar að salta, en ég var ekki byrjuð, því hann var alltaf að tala við mig hann Ingólfur heitinn. Svo sé ég bara hvar allar tunnurnar eru komnar á hvolf, þá bara steypu þau. Þetta var nú eitt sem fór í skapið á mér, hvað var verið að hefna sín á síldinni, gera hana ónýta, svona finnst mér lýsa bara heimsku, eyðileggja svona hráefnið, og svo get ég sagt þér það, að það var sett slanga úr skipinu og dælt á fólkið og

konurnar komu hlaupandi rennvotar í fullum stígvélunum, gátu varla komist áfram og það fór í sjóinn, þetta var agalegt.

Ég skipti mér aldrei af svona, þær voru þarna á vöktum, svo kom Gullfoss og hann fór inn á Höfnersbryggju og þar varð þessi ógurlegi slagur og ágangur, ég þorði aldrei að blanda mér í svona, enda gat ég ekkert gert. Hvað heldurðu að maður ráði við þetta. Ég er viss um að það vitlausasta sem nokkur gerir, það er að byrja með illindum, heldur reyna að lempa þetta, semja.“

Samstaða um aðgerðir

„Ja, við töluðum saman og það var svo mikið þá um kommúnista og sumar voru það, nú það var ekkert við því að segja, ef þær vildu þetta sjálfar. Hinar sátu bara heima sem ekkert vildu skipta sér af þessu. Þær voru að reyna að æsa fólk upp og orðlepparnir sem maður fékk nú. Eins og ég sagði við þær: „Hvað grædduð þið á þessu?“ Það græddi engin neitt, það réðst ekki neitt við neitt fyrr en fór að hjaðna og var hægt að fara að tala saman. Ég talaði við verkstjórnann sem var yfir okkur. Þá var ég hjá Sverri, og við töluðum um þetta. Hann var eins og hver annar vinnumaður. Hann sagði, að hann segði eins og ég með það, að þetta væri alveg til skammar. Þetta væru eins og villingar. Að ráðast hvað á annað með handalögmálum. Hvaða þýðingu hafði það? Ekki nokkra.

Og verra var það á Siglufirði, því þar kastaði það kolum. Það voru kolabingir á bryggjunni, og það meiddist. Ég man að mamma fór vestur til Siglufjarðar með Gullfossi, hún sagði nú við mig, að það hefði nú ekki verið verstir verkalýðurinn. Hinir hefðu verið blindfullir og hagað sér eins og svín.“

Söngur

Ég man alltaf eftir því, að við vorum einu sinni að vaska, það var hjá Sverri. Þá kom h ann Erlingur Friðriksson, hann var Krati, þá byrjaði ég að syngja *Fram hrjáðir menn* og þær tóku allar undir, og þá segir Friðrik við mig: „Hví varstu að þessu.“ „Já, ég vissi ekki hvort hann kunni þetta.“ Sagði ég.

Ég ætlaði að kenna honum þetta." Það var nú alltaf í mér að hann var á fundinum þarna. Mér fannst hann vera að tæta í sundur, það er nefnilega það, hvað heldurðu að við hefðum haft það betra, ef það hefði aldrei verið nema eitt verkalýðsfélag og allir staðið saman sem einn maður, heldur en skiptast svona í hópa.

Þær stóðu hvor sínum megin við vaskakarið og það var auðvelt að spjalla saman um daginn og veginn og þá hluti sem þær voru ekki sammála um. „Maður skipti sér ekkert af því hvað maður fékk á bakið.“

Friðrik Hjaltalín var verkstjóri hjá Sverri og hjá Páli var Kristinn Sigurpálsson og Jóhannes. Hann átti heima uppi á Brekku. „Ég held það hafi verið gegnum kunningsskap sem þeir fengu þetta starf. T.d. sá sem skoðaði hvernig var vaskað var gamall skipstjóri og var hættur og hann lagði matið á fiskinn. En ég veit nú ekki með þennan Jóhannes. Ég held hann hafi aldrei komið nálægt sjó. En Friðrik, hann hafði aldrei verið á sjó, en hann var alinn upp við fisk.“

Verkstjórar litu eftir og skrifuðu nótur, sá um hvernig væri gengið frá. „Okkur kom sæmilega saman við þá. Það var enginn rígur þar á milli. Þeir voru alþýðlegir menn. Ég var nú búin að vinna svo mörg ár þarna hjá Friðriki og svo var nú mágur minn þarna úti á íshúsinu þegar maður var að þanna.

Að þanna, það eru bara járnþönnur sem maður raðaði á, kviðurinn upp, eins og maður væri að salta í tunnu, og þetta var sett inn og fryst og selt svo í beitu á veturna.

Þetta var síld og hún var brytjuð bara í smábita g beitt. Þetta var nú kaldranalegt ver að beita. Þetta var svo frumstætt allt, maður þekkti ekki annað.“

Vinnufatnaður var olíusvuntur og svo komu olíupils. „Ég var ævinlega rennandi, ég notaði svo mikið vatn,

jós upp á mig. Ég var ævinlega rennandi. Við urðum að kaupa þetta. Við höfðum ullarvettlinga og stígvél. Það var ekki hægt að bæta aðbúnaðinn. Þeim fannst til um þetta verkstjórunum.“

Frístundir

Við vorum með búskap og við þurftum að nota allar stundir. Guðný sá um allan heyskap fyrir skepnurnar. Þau hjónin fóru ekki í sumarfrí fyrr en krakkarnir voru uppkomnir. Þá fóru þau í hálf mánaðar ferð umhverfis landið.

Auk fiskvinnu vann Guðný á sínum tíma við Bretapvott, en hún segist ekki hafa kynnst hermönnunum neitt í því sambandi.

Guðný sagði mér sögu af afskiptum sínum af því að koma börnum fátækra foreldra í sveit á stríðsárunum.

Hún var í þeirri nefnd sem sá um framkvæmd þess. Hún fékk ullarband hjá Jónasi Þór í Gefjun til að þrjúna fatnað á þessi börn og síðan talaði hún við Kristján sem rak BSA og fékk hann til að flytja börnin í sveitina og sækja þau aftur fyrir lítið gjald. Hún sagðist hafa útbúið sængurfatnað handa þessum börnum, sem sum voru svo illa stæð að þau áttu ekkert slíkt. Hún tók þá hnefaylli úr þeim sængum sem til voru og bjó til sængur handa þeim sem ekki áttu.

Hún stóð líka í stappi við fátækrafulltrúann á Akureyri, því hann ætlaði að taka mjólkina, sem fjölskyldur barnanna fengu útteilt af þeim, þegar börnin voru farin í sveitina. Þau fengu 1/2 l. á dag. En hún talaði við bæjarstjórnann og gat fengið hann til að koma í veg fyrir þetta.

Þéttbýli

Fyrst bjuggu Guðný og Lárus hjá foreldrum hans, en síðan leigðu þau í Sölvahúsi, Norðurgötu 6. Húsið sem þau byggðu sér stendur við Hríseyjargötu 9.

Guðný keypti gamlan skúr af Páli Einarssyni, sem hún vann hjá á 300 krónur. Hún spurði hvort hann myndi selja sér skúrinn og hún fengi að vinna fyrir andvirðinu. Páll féllst á þetta. Húsið var á sökli og svo var hæð, og þar var norðurstofan og suðurstofan hinum megin, svo er forstofan og þar var skápur stór eins og breiddin var á forstofunni, svo var gengið inn í báðar stofurnar. Suðurstofan var betri stofan og svefnherbergi og borðstofa allt á þessari hæð og geymsla. En uppi þá var kvistur í gegn og þetta var stór og skemmtileg stofa, eins var hinum megin en svo voru 2 risherbergi, skemmtileg og góðir gluggar, og það leigðum við nú, en þegar Valgerður fór að búa þá var hún þar, en þau sváfu þar alltaf krakkarnir þegar þau fóru að stálpast, þá höfðu þau súðarherbergin, en svo leigðum við

kvistinn og súðarherbergin stundum einhleypum.



Austurhliðin veit út að götunni. Svo var suðurhliðin til vinstri og uppi var svona gluggi og svo voru herbergin sitt hvorum megin við og þar leigðu hjón lengi og höfðu stofuna og vesturkvistinn og hliðarherbergi fyrir svefnherbergi. Þar komst inn rúm og lítið borð, það var ekki meira en þau höfðu, alveg ágætt. Það var þar píanó og það var skrifborð.

Tengdasonur minn átti píanó. Og dívan, borð og stólar, en það er náttúrulega ekkert rúmt, það er ekki hægt að segja það, en það er ákaflega skemmtilegt. Það var nú lítið um húsmuni til að byrja með, þegar við vorum hjá tengdforeldrunum, því það var alltaf fullt af fólki og ég hafði bara eina stofu og eldhús, en svo þegar við komum þarna, þá fengum við okkur eikarborð og stóla og tuskáp og buffet. Það var borð og 2 skápar. Svo var opið á milli þeirra, en svo kom hilla á milli skápanna.



Svo var stór og útskorin burst á þessu, ég man ég keypti þetta af einhverjum á uppboði, einhverjum sem annað hvort var að fá sér nýtt eða flytja. Svo gaf ég, eða við, Óla fóstursyni okkar þetta þegar við fluttum suður, þá var hann á Rauðasandi og hann skildi það eftir, og ég sé svo eftir því. Svo voru dývanar.

Þetta var nú bara huggulegt. Þetta naut sín af því stofan var ekki lítil. Tauskápar og fataskápur með 2 hurðum svo var gluggi, borðið á miðju gólfi, en buffetið náði fram að dyrum fram í eldhúsið, en suðurstofan var minni, sú sem var betri, en ég saumaði teppi og hafði yfir dývaninum laglegt og svo myndir og blóm, hullutré, lilja og pelagónía, svo sáði ég mikið, þá var komið fræ á sumrin, það fékkst í búðum, í Gróðrarstöðinni minnir mig. Eins var hægt að fá afleggjara.

Ég gerði strax garð fyrir sunnan húsið, tré og sumarblóm. Ég var mikið fyrir morgunfrúr. Í suðurstofu var dývan og kómmóða og borð, ekki eins stórt og í borðstofunni og eitthvað annað drasl. Ég var furðu dugleg í að ná í svona. Ég keypti borðið af hjónum sem voru að flytja austur á land. Þetta var dýrindis borð, og hægt að stækka það. Þegar ég flutti hingað þá hefur einhver fengið það.

Hinrik gaf okkur í brúðargjöf rúm og servant. Það var borð og skápur og yfirbygging svo lítil og þá fengust vatnskönnur og vaskafat og það var látið standa á þessum servöntum. Svo hafði ég lítið borð sem við fengum þegar við giftum okkur. Við vorum þarna í Gránufélagsgötunni þá fengum við okkur borð og stóla og það kostað 25 kr. og það var kunningi Lárusar, Ólafur heitinn Ágústsson, hann var smiður á Akureyri, hann seldi okkur þetta og svo gaf hann okkur stór málverk þegar við giftum okkur. Það var Hólshyrnan á Siglufirði og ég átti eitthvað meira af svona myndum. Ég var ekkert óánægð með þetta.

Krakkarnir sváfu ekki hjá henni. Ég vissi ég var ekki góð fyrir brjósti og lét þau alltaf hafa vöggju, bara við rúmið og svo þegar við vorum búin að byggja þetta og þau fóru að stækka, þá lét ég þau bara fara að sofa sér, já, þá hætti ég að leigja út

og lét þau hafa þessi litlu herbergi uppi.

Í húsinu var bæði klósett og sturta. Þetta var niðri, inn af eldhúsinu. Frændi frá Húsavík, sem var með útgerð á Akureyri bauðst til að setja upp sturtur fyrir hana. Það var líka klósett uppi á loftinu. Það var vatn í húsinu frá því þau fluttu þangað og rafmagn kom líka snemma á Akureyri. Klósettpappír þekktist ekki, bara dagblöð í hans stað.

Upphitun var, skal ég segja þér, ketill. Hann var í eldhúsinu, rétt við skorsteininn. Hann brenndi öllu. Það var sama hvað var. Það fannst mér voðalega mikill kostur. Það þurfti að bera öskuna út, en Lárus losaði hana ævinlega. Við höfðum bara öskudall úti og hann fjarlægði það svo. Það var voða lítill sóðaskapur að því. Það voru lokaðar hurðir og skúffa undir, þótt maður skaraði í, það fór aldrei út á gólf. Seinna kom miðstöð í húsið. Það var rafmagnskynding.

Hreingerning

Það var sópað og skúrað daglega, sem var nauðsynlegt því það var alltaf fullt af krökkum. Ég hélt svona aftur suðurstofunni, sem ég kallaði, hitt höfðu þau. Svo höfðum við fjós fram á lóðinni, svo var skot þar sem þau höfðu svona spýtur og drasl og gátu neglt. Hann var alltaf smíðandi hann Hinrik.

Stórhreingerningar voru gerðar á vorin og á haustin, svo var þessu

bara haldið við, þurrkað af, þvegið úr gluggum og þvegið í kring svona að neðan. Rúmföt voru viðruð þegar skipt var á rúmumum.

Guðný hafði góðar snúrur og fannst gott að hengja rúmfötin þangað út til að viðra þau. Þau höfðu dúnsængur. Fyrst litlar handa krökkunum, svo var stækkað þangað til þau voru búin að fá alveg rúm.

Það voru sundurdregin rúm, það var hægt að setja þau saman og minnka þau um helming, það var engin neyð á meðan þau voru lítil að láta þau sofa til fætis. Ég gerði það nú ekki nema með strákana, því það er svo stutt á milli þeirra. Þetta voru 4 ár á milli stelpnanna. Valgerður fékk sér rúm þegar hún varð stærri, það voru nú ekki rúm.

Það voru beddar, sem var hægt að leggja saman og þá var tré fjöl sem féll yfir, og þá var hægt að sitja á þessu. Svo þegar herinn kom höfðu þeir svona bedda og þeir voru þá kallaðir hermannabeddar, en þetta var svo almennt í þrengslum heima.

Þvottar

Þá lagði maður alltaf í bleyti, svo þurfti maður að fara á fætur, ég skolaði ævinlega heima áður en ég lagaði mér nýtt vatn og svo þvoði maður þetta á bretti. Svo hafði maður potta, en ég fékk snemma þvottapott. Það var stór pottur sem stóð á löppum alveg, með krana sem maður gat látið renna úr og maður

gat haft rafmagn og þar hafði ég frammi þarna á neðri hæðinni þessa litlu þvottakompu, sem ég hafði og litlu Hoover vélina. Hún var nú svo lítil.“

Guðný fékk Hoover þvottavél um 1940. „En lengi var ég búin að hafa bara balþvott og pott. Potturinn var úr blikki, hár, frekar mjór, sem maður sauð í þvottinn og þetta þurfti maður að vera búinn með áður en krakkarnir fóru að vakna.“

Guðný þvoði í ganginum fyrir framan þvottakompuna. „Fallegasta sem ég sá það var bláhvítur þvottur á snúru, og brjóta þetta saman. Þetta angaði alveg hreint og svo átti ég reyr, strá bara, reyr úti sem ég tíndi og hafði hann alltaf í þvottinum. Það var svo góð lykt af hreinum þvotti. Þetta var sérviska, Mér fannst barasta góð lykt af þessu, og ég setti þetta í þvottinn. Ég braut hann og straujaði og lét þetta svo inn á milli svona eitt strá inn á milli. Það var nú gert grín að þessu.“

Straujárn

„Ég hafði tungu, maður hitaði tunguna. Maður gat líka haft straujárn á pönnu. Það var þanna til. Maður lét hana bara ofan á hringina á vélinni og setti hana svo innan í járníð. Það var svo ágætt að strauja með því.“

Svo átti ég rúllu, rúllaði fyrst undir bolta. Það er kefli, vafði utanum það lökin og koddaverin, eins fast og ég

gat, setti svo utanum það eitthvert stykki. Ég hafði viskastykki úr gömlu sængurveri, og svo setti ég koffortið ofan á og rúllaði svo. Það var svo fallett, ég veit þú trúir því ekki.“ *Var þetta ekki erfitt?* „Jæja, ekki þegar maður var búinn að koma þessu í ballans, þá gat maður rúllað til. Svo fékk ég rullu og átti hana og þá var ég víst búin að taka 1 litla herbergið fyrir svona.“

Ég hafði kúr, mjólkaði og bjó svo til strokk úr brjóstsykurbauk. Svo var bara smíðað inn í lokið. Það þurfti ekkert annað. Þetta lærði ég í sveitinni. Ég hafði gaman af þessu, ég hafði skilvindu litla. Ég keypti þetta. Það var svo oft verið að selja svona á uppboðum. Maður gat náð í svona ef manni fannst maður geta notað það. Það var oft sem ég fékk lánað fyrir andvirðinu og ég passaði mig að standa alltaf í skilum. Ég hafði gaman af þessu.“

Fatnaður

Hún saumaði sjálf á krakkana. „Strákarnir gengu í stuttbuxum, jafnt vetur sem sumar, þegar þeir voru yngri. Stelpurnar gengu í koti og höfðu sokkabönd. Það voru til svona breiðar teygjur með hneslum á og svo hafði maður tölur í sokkunum og þau hnepptu og voru ekki með kálfsfætur.“



Ég man að fyrst fékk ég snið hjá einhverjum og svo barasta sneið ég þetta á eldhúsgólfinu. Ég átti snemma saumavél. Ég keypti hana á 90 kr. Það var piltur sem bjó með mömmu sinni og hún dó og hann borðaði út á vélina hjá mér. Ég hafði mikið af svoleiðis, ekki nema 1 eða 2 í einu. Við höfðum góðar ástæður. Við höfðum kindur. Ég átti alltaf kjöt, saltað og frosið og svið í íshúsinu. Ég hafði mest 2 kýr. Ég bakaði allt sjálf. Keypti aldrei matarbrauð. Mest ef ég keypti vinarbrauð á sunnudögum, sem var stundum gert og ég hafði gæsirnar. Bakaði svo góðar kökur og svona að það voru engin vandræði með það.“

Gæsir hafði ég á túninu uppfrá og heima á veturna. Uppfrá hjá Gefjun. Við áttum þar tún og fjárhús og þar höfðum við kindurnar og gæsirnar. Ég hafði mest 22 gæsir. Gott ef ég fékk ekki gæsaregg og hæna ungaði þeim út. Ég var öll í búskapnum.“

Það var algengt að menn hefðu hænsni á Akureyri á þessum árum,

en ekki eins algengt að menn væru á kafi í svo miklum búskap sem Guðný og Lárus. Þau áttu mest 40 kindur sem þau ráku á fjall á vorin. Slátrun fór fram í slátruhúsinu og þótt margir hjálpuðust að við að slátra var Guðný aldrei við það, því hún segist ekki hafa mátt sjá blóð. Hún sagði mér sögu af því að maðurinn sem leigði á loftinu hjá henni hafði líka hænsni og einu sinni hjó hann af nokkrum hausinn, og lét þær fljúga fyrir eldhúsgluggann hjá Guðnýju til að stríða henni, en hann gerði þetta ekki nema eitt skipti.

Guðný segist aldrei hafa borðað hænsnakjöt og sé jafnvel ekki sama um kjúklinga sem framreiddir eru til hátíðarbrigða á Droplaugarstöðum. Aðspurð kveðst hún ekki vita aðra skýringu á því hvers vegna hún og fleiri ekki gátu borðað hænsnakjöt, en að fólki hafi boðið við því. Sumir borðuðu ekki hrossakjöt af hryllingi. Hún gaf einu sinni tengdaföður sínum hrossakjöt þótt hún vissi að hann borðaði annars ekki slíkt.

„Ég hafði nú samviskubit en mér datt ekki annað í hug en að segja honum það. Svo þakkar hann mér fyrir, og ég þegi lengi, svo segi ég við hann: „Hinrik minn, þú mátt ekki vera reiður við mig fyrir það, veistu þetta var hrossakjöt sem ég gaf þér“. Hann þegir nú um stund og segir: „Jæja, elskan mín, Guð blessi þér matinn“. Ég kyssti hann fyrir.“

Guðný segist ekki hafa haft svínakjöt á borðum. „Það var til í búðum, en ég hafði ógeð á því. Það kom bæði úr sveitum, það var byrjað með það þá, held ég eða þeir hafa fengið þetta aðflutt utan að. Ég át aldrei rjúpur, af því bara mér fannst þær svo fallegar, og ég fékk oft senda fulla kassa. Ég bara fór með það í kaupfélagið og skipti á einhverju sem ég átti þá ekki til jólanna. Föðurbróðir hennar sendi henni rjúpunar. Þau sendu mér alltaf og eins æðarfugl. Ég fleygði honum nú ekki. Ég plokkaði hann og safnaði dúninum. Eins af því að ég kunni að plokka nærdúninn eins og þann grófari, ég gat komið krökkunum upp svo strax góðum rúmfötum. Fuglinn steikti ég og gæsirnar ævinlega í ofni. Svo limaði ég þetta sundur og steikti á pönnu eða potti eða sauð súpur. Þær voru alveg óskaplega góðar, ef maður verkaði vel og lét lauk út í.

Fiskur var hversdagsmatur, sem ég keypti og svo plokffiskur, fiskbollur og allt. Oft sem ég bjó til bollur úr soðnum fiski og steikti og við borðum þetta með feiti út á.“

Guðný man eftir bollugerð allt frá því hún var krakki. Þær þóttu tilbreyting, en ekki endilega betri matur. „Ég bjó til bollur úr fiski og saltkjöti saman. Ég hakkaði það saman. Lét í þetta egg. Þetta þótti krökkunum svo voðalega gott.“

Með mat var haft sósa og kartöflur. Guðný hafði stóran matjurtagarð þar sem hún ræktaði rófur, kartöflur, hvítkál og rauðkál og gulrætur, sem hún ræktaði í sandi. „Þær þrífast svo vel í sandi. Ég hafði mikið sand, aðeins mold og þær uxu vel í því“.

Hún segir það hafi verið erfitt að koma krökkunum upp á að borða kálið, en það var mikill sparnaður af því að hafa svona garð. Henni þótti þó slæmt hve krakkarnir voru ódugleg við grænmetið.

Hvar hafðirðu lært allt þetta? „Ég las í blöðum, ég hafði voða gaman af því ef ég sá einhvers staðar uppskrift. Ég átti fullan kassa. Ég klippti út allar uppskriftir sem ég sá og prufaði þetta. Það var bæði danskt og úr sænskum blöðum. Ég átti ekkert bággt með að komast fram úr því. Hafði lært dönsku. Þegar ég var á Héðinshöfða svolítið, svo ég gat lesið með krökkunum. Það var bara að ráðast í þetta, þá var allt í lagi.“

Af matreiðslubókum átti hún Jóninnu Sigurðar og bók Helgu, Matur og drykkur. „Hún var nú gömul, svo held ég hafi náð í Kvennafræðarann eldgamlan. Þar var nú margt skrytið. Mér fannst sko þar var mikið um matartilbúning, sláturgerð og svo að nýta ýmislegt. Ég kunni orðið að taka slátur. Þetta

er langur tími. Ég byrja þarna á Héðinshöfða, þegar ég er ekki nema 13 ára gömul. Ég var búin að læra svona algengt, en svo náttúrulega eftir því sem ég þroskaðist og las sjálf. Ég hafði aldrei tíma til að fara út.

Ég var upptekin alltaf og mér líkaði svo vel að vera heima. Við fórum út og skemmtum okkur eins og gengur og gerist, en ég hafði aldrei löngun til að fara milli húsa. Ég hefði aldrei nennt því. Ég hafði ekkert gaman af því.“

Guðný vann úti frá því krakkarnir voru litlir. „Það voru stelpur frá Húsavík, sem voru að læra kannski á veturna, að sauma eða eitthvað, þá unnu þær hjá mér á milli þess sem þær voru ekki í tíma. Þetta var nú kannski ekki nema 4 tímar sem þær voru á dag, þá unnu þær hjá mér upp í það að vera hjá mér. Ég hafði það alltaf fyrir sið að vera búin að öllum verkum um hádegis, allri tiltekt. Ég sagði stelpunum þetta líka. Svo gat ég notað tímann til að gera eitthvað í höndunum eða baka.“



Þegar hún var að vinna úti: „Þá bara fór ég frá krökkunum, skildi bara allt eftir opið og lét þau hafa aðgang að mat og ég kom nú alltaf heim í mat. Ég eldaði vanalega á kvöldin og setti það í bakaraofninn á minnsta straum, ef það var svoleiðis matur, svo lét ég þau þvo upp á eftir, sína vikuna hvert. Þau höfðu nóg svigrúm til að leika sér. Þau gátu bæði verið úti í þessu sem pabbi þeirra útbjó handa þeim, smíðadót og svoleiðis. Þau mættu gefa leikfélögunum með sér. Ég hafði noga mjólk og brauð. Hún malaði ekki korn, en brenndi kaffi og átti kvörn.“

Mas. átti ég orðið rafmagnskvörn. Ég hafði gaman af að eignast svona smáhluti. Ég hef verið nýjungagjörn. Mér finnst alveg sjálfsgagt að fólk veiti sér þetta, t.d. ungt fólk.

Máltíðir

Morgunmatur kl. 9.

Hádegismatur kl. 12. Kaffi kl. 3.

Kvöldmatur kl. 7. Síðan var kvöldkaffi fyrir þá sem vildu.

Krakkarnir fengu mjólk, og hún átti alltaf kaffi á hitageymi. Hún hafði heita máltíð í hádeginu, þótt hún væri að vinna. Ég var búin að sjóða það ef það var kjöt t.d. súpa. Þá var enginn vandi að halda því volgu með minnsta straum á. Ef það var fiskur, þá bara hleypti ég upp á því suðunni, og lét það svo bara í ofninn. Eins með kartöflurnar. Svo ef þeir voru ekki í skóla, þá var annar hvor þeirra strákana búnir að láta á borðið og taka utan af kartöflunum. Ég borgaði þeim fyrir þetta 25 aura á viku. Hinrik borgaði meira að segja Óla 25 aura fyrir það að þvo pottana. Hann var nú kominn yfir fermingu þegar ég lét hann gera þetta, og hann sagði einu sinni við mig: „Mamma, þetta gera engir strákar, og þeir hlæja að mér þegar ég er að bóna gólfín, þegar þeir koma að sækja mig“. „Ég er að vinna fyrir ykkur“, sagði ég, „svo við getum haft nóg til alls að borða og hugsaðu þér, ef þú giftist og ættir konu sem vildi ekki þrifa, hvernig heldurðu að þér þætti það, það er gott fyrir þig að kunna þetta.““

Hún hafði ekki fyrir sið að skammta á diskana, nema fyrir Lárus, því hann var svo ólystugur að borða og

systkini hans höfðu öll verið berklaveik, svo hún vildi vera viss um að hann fengi nóg. Og ég tók roðið og beinin, svo hann þyrfti ekki nema fá sér kartöflurnar, en hin hjálpuðu sér sjálf. Það var drukkin mjólk með mat og þau hjónin fengu sér kaffi eftir matinn, en krakkarnir ekki.

Brauð var ævinlega haft með mat, annað hvort flatbrauð eða rúgbrauð. Ég bakaði rúgbrauð í bakaraofninum, í svona baukum, þessum brjóstsykurbaukum sem voru. Það var alveg rauðseytt, það er eins og hverabrauð. Ég bara hnoða deigið, læt það í að kvöldinu til að þá hefar það sig og svo lét ég það vera allan daginn og nóttina við hæfilega hita og svo var það alveg .. skorpan var svo lin og sæt. Ég lét stundum súrna mjólk og lét það með.

Það kom ævinlega ávextir fyrir jólin, og maður reyndi nú að kaupa ef maður gat. Aðallega appelsínur og epli. Mér hefur alltaf fundist vínber góð. Ég vissi til þess að áfengi væri bruggað. Það var orðið algengt á Akureyri. Ég vissi t.d. að það var frænka mín sem bara hafði þetta á eldavélinni, en ég kom aldrei til hennar. Ég man að mamma gerði einu sinni óáfengt vín, það var kassi, það var þegar hún var með 2 smá herbergi, og þá var ég eiginlega í sveitinni. Hún lét í það rúsínur og ég man eftir því að ég kom um jólin og

þá gaf hún mér það. Mér fannst það bara svalandi.

Ég átti ævinlega brauð til að gefa gestum og það var jólakökur, kleinur og ástarpungar og svo soðið brauð. Það var alltaf með hversdagskaffi og þótt fólk rækist svona inn. En ég bakaði ævinlega lagkökur um helgar. Það var svona eins og tertur á sunnudögum.

Það var ekki dúkað sérstaklega væri, annars var drukkið í eldhúsinu. Guðný segir mataræði á sínu heimili hafa verið svipað og tíðkaðist í sveitinni. „Ég bjó til sælgæti fyrir jólin með krökkunum, svona kúlur með súkkulaðihjúpi, marsípan, það var hægt að fá það oft. Maður gat breitt þetta út og búið til myndir. Ég tók ævinlega eitt kvöld með þeim á eftir laufabrauðinu. Allir borðuðu saman í borðstofunni. Við bárum matinn alltaf inn því það var svo þröngt í eldhúsinu eða þannig, svo færi almennilega um menn. Hver maður hafði sitt sæti við borðið. Þau hjónin fyrir endunum og krakkarnir sitt hvorum megin.

Börnin fengu að tala við matborðið, en ekki mikið, bara ef það var eitthvað sem við vorum að tala um. Ef eitthvað hafði komið fyrir eða ef eitthvað stóð til, svona hert ætti að fara og hvor þau vissu um eitthvað.

Borðbúnaður

Ég átti stell og svo hversdags diska. Því sem brotnaði var hent, bæði var

ég hrædd við sprungur, það settist í þetta eitthvað og þá notaði ég annað hvort ef ég gat handa skepnum eða lét það detta. Bæði hefði getað verið að þegar þeir voru að þvo upp greyin, þá hefðu þeir getað skorið sig. En ég man ekki eftir að það brotnaði svo mikið. Strákarnir fengu snemma könnur.

Hún notaði vaxdúka hversdags. Þvoði þá bara um leið og hún tók af borðinu. Taudúkar voru notaðir spari. Hún hélt aldrei matarboð. Ég hafði jólaboð. Þá komu um 30 manns á þriðja í jólum og dansað.



Einu sinni þá gifti systir mín sig og þá voru skírð 3 börn. Svo var dansað um nóttina við harmonikkuspil. Það var frændi minn frá Húsavík, hann kann að spila, Haraldur Björnsson. Hann var á veturna oft hjá mér. Einu sinni keypti ég falskt hár handa mömmu hans og lét hann senda henni, þá var hægt að fá fléttur það vor hárdúskar stórir, góðar fléttur

alveg niður í mitti og svo var band í báða og það var sett yfir höfuðið og fléttað svo hárið sem þær höfðu í og þetta var svo prýðilegt.

Guðný smakkaði sjálf allan mat áður en hún bar hann á borð „bara til að vita hvort þetta væri í lagi“.

Hvar lærðu menn borðsiði? „Nú var t.d. þegar ég er á Héðinshöfða, þá var skammtað á diska hverjum manni og hann hafði sinn vasahníf nema þegar gestir komu, það var alveg til borðbúnaður fyrir það, en t.d. fjármaðurinn, honum var nú skammtað ævinlega mest og best af því að hann var svo mikið úti. Ég skammtaði oft fyrir húsmóðurina, sem þjáðist af höfuðveiki. Hún var búin að kenna mér hvað hver ætti að fá og hún átti heilu ostana. Hún bjó til osta. En við borðuðum með hnífapörum fullorðna fólkið. Ég man ekki eftir því að ég hafi nokkurn tíma borðað með vasahnífi. Askar voru þá horfnir þegar hún var á Héðinshöfða.

Þegar ég fer að hugsa um það finnst mér að ég hef kynnst svona aldrei neinum skorti, og ég hef alltaf verið þar sem hefur verið þrifnaður. Það finnst mér mikið, bæði að láta krakkana þvo sér og baða þau og svoleiðis og skipt um föt. Menn fóru hálfsmánaðarlega í bað, það var ekki vikulega, því miður, en ég lét þá fara strax í sund, læra sund þegar þeir

fóru að vaxa og þau öllsömul. Það var gott fyrir þau og ég vissi það.

Mér finnst þetta alveg sjálfsagt að börn væru þrifin. Það var alveg voðalegt að sjá vanhirt börn og kannski súrlyktin svoleiðis af fötunum að maður gat.. En ég er ekki að tala um að ég hafi verið þrifnari en aðrir. Mér fannst þetta sjálfri svo vont fyrir börnin þegar þetta var rennblautt á þeim og súrlyktina lagði... [hér endar textinn óvænt -ih]

